



**Fjölskynjari með Lithium rafhlöðu sem endist í 10 ár**  
**Samtengjanlegir þráðlaust með Wi-Safe 2 á 868,3 Mhz tíðni**

## NOKKUR ATRIÐI VARÐANDI UPPSETNINGU.

- Festiplatan er útbúin með „Læsingamöguleika“ sem er til að læsa skynjarann við festiplötuna. Til að virkja læsinguna þarf að brjóta 3 nabba í botninum, sjá mynd 1. Þegar svo skynjarinn er kominn í festiplötuna er ekki hægt að fjarlægja hann nema með því að nota skrúfjárn eins og sýnt er á mynd 2
- Staðsetjið skynjarann eins og sýnt er í leiðbeiningum sem fylgja skynjaranum.
- Þegar festiplatan hefur verið fest með meðfylgjandi skrúfum, er skynjarinn settur upp í plötuna og snúið rangsælis, gætið þess að snúa alla leið.
- Þegar skynjarinn er kominn í rétta stöðu í festiplötunni tengist rafhlaðan og rautt gaumljós blikkar á u.þ.b.45 sekúndna fresti. Eftir 5 sekúndur er hægt að prófa skynjarann með því að þrýsta á hnappinn í miðjunni.



Mynd 1



Mynd 2

## SAMTENGING

Þessi reykskynjari er með innbyggða RF einingu sem gerir mögulegt að tengja tvo eða fleiri skynjara saman þráðlaust. Þess vegna þarf að samhæfa þá skynjara sem eiga að samtengjast svo þeir geti haft þráðlaus samskipti.

Samhæfing tveggja skynjara er gerð á eftirfarandi hátt.

**1. Skynjari 1**


Setjið skynjarann upp eins og lýst er hér að ofan.

**2. Skynjari 2**

Setjið upp festiplötu fyrir skynjara 2 þar sem hann á að vera, en setjið ekki skynjarann í festiplötuna.

**3. Skynjari 2**

Þrýstið snögg með bréfastemmu eða mjög litlu skrúfjárn í litla kringlóttu gatið á bakhlið skynjarans (sjá mynd 3). Rautt LED ljós við hlið samhæfingar hnappsins, blikkar snögg og lýsir síðan stöðugt í 5 sek. til merkis um að skynjarinn sé tilbúinn fyrir samhæfingu. Á næstu 5 sek. þarf að þrýsta snögg á prófunarhnapp skynjara 1 til að koma á þráðlausri tengingu skynjara 1 og 2.



Mynd 3

#### 4. Skynjari 1:

Gefur frá sér 2 x 3 hávær bíp

#### Skynjari 2:

Rauða LED ljósið á botni skynjara 2 blikkar til merkis um að samhæfing skynjaranna hafi tekist

#### **ATHUGIÐ**

Ef ekki er þrýst á prófunarhnapp skynjara 1 nægilega fljótt þ.e. innan 5 sek., eða áður en rauða LED ljósið á bakhliðinni slökknar, þá misheppnast samhæfingin og þarf þá að endurtaka ferlið frá byrjun.

5. Setjið nú skynjara 2 upp í festiplötuna.
6. Viðbótar skynjara er nú hægt að samhæfa eins og lýst hefur verið. Þegar viðbótar skynjarar eru samhæfðir þá er hægt að nota hvaða skynjara sem er, sem skynjara 1.
7. Þegar uppsetningu og samhæfingu er lokið er skynjaranetið prófað. Sá skynjari sem þrýst er á hnappinn á gefur frá sér 2 x 3 bíp og rauða ljósið á þessum skynjara blikkar, aðrir samtengdir skynjarar hefa bara frá sér 2 x 3 bíp hljóðmerki en rauða ljósið í þeim blikkar ekki.

#### **ÞÖGGUNARMÖGULEIKI – ( ALARM SMART SILENCE )**

Ef skynjarinn fer í gang án sýnilegrar ástæðu er hægt að þagga niður í honum með því að þrýsta snöggt á prófunarhnappinn. Þá dregur úr næmni skynjarans í 10 mínútur og blikkar rauða LED ljósið í skynjanum mun hraðar en í venjulegri stöðu eða á u.þ.b. 10 sek. fresti

Eftir 10 mínútur fer skynjarinn sjálfkrafa í eðlilega stöðu með fullri næmni og rauða LED ljósið blikkar á 45 sek. fresti.



#### **Þegar rafhlöður er að tæmast.**

Eftir u.þ.b. 10 ár fer spenna á rafhlöðum að lækka, þá fer skynjarinn að „tísta“ á 45 sek. fresti og gulleitt (Amber) ljós blikkar um leið.

Þegar þetta gerist skal endurnýja skynjarann strax, og ekki síðar en 30 dögum síðar.

Ofangreint er stuttur úrdráttur úr leiðbeiningum sem fylgja skynjaranum.

**Kynnið ykkur þær leiðbeiningar vel.**